

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Með lögum nr. 33/2006, um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum, var viðskipta- og hagfræðibraut bætt við sem bóknámsbraut til stúdentsprófs. Af því tilefni hefur menntamálaráðherra staðfest nýja brautarlýsingu fyrir viðskipta- og hagfræðibraut sem námsbraut til stúdentsprófs, sbr. auglýsingu nr. 661/2004 um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum, sbr. auglýsingu nr. 138/2004 um breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á eftir náttúrufræðibraut á bls. 1651 í auglýsingu nr. 661/2004, um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum, kemur lýsing á nýrri námsbraut:

Viðskipta- og hagfræðibraut (VH)

140 ein.

Meginmarkmið náms á viðskipta- og hagfræðibraut er að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á sérsvið viðskipta- og hagfræðigreina. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum. Meðalnámstími er 8 annir og náminu lýkur með stúdentsprófi.

Kjarni

98 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 103 203 303 403 503	15 ein.
Erlend tungumál		27 ein.
Enska	ENS 103 203 303	
Danska	DAN ¹ 103 203	
3. erl. mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar		9 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103 203	
Náttúruvísindi	NÁT 103 113 123	9 ein.
Viðskipta- og hagfræðigreinar		12 ein.
Bókfærsla	BÓK 103	
Viðskiptalögfræði	VIÐ 143	
Rekstrarhagfræði	HAG 103	
Þjóðhagfræði	HAG 113	
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

Kjörsvið

30 ein.

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu á sviði viðskipta- og hagfræðigreina og skyldra greina í samræmi við markmið brautarinnar.

¹ Norska eða sænska.

Kjörsviðsgreinar viðskipta- og hagfræðibrautar eru:

Bókfærsla	BÓK 203 213 303
Hagfræði	HAG 203 213 313
Viðskiptafræði	VIÐ 103 113 123 133 213 223
Íslenska	ÍSL 603 613 703 713
Enska	ENS 403 503 603 703
Stærðfræði	STÆ 313 513 523 603 703
Tölvufræði	TÖL 103 113 203 303
Upplýsingatækni	UTN 103

Skóli getur bætt við áföngum í ofan nefndum greinum sbr. það sem segir um áfangalýsingar í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á viðskipta- og hagfræðibraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

Frjálst val nemanda

12 ein.

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

3. gr.

Kaflí 4.4.1 um bóknám til stúdentsprófs á bls. 497-498 í auglýsingu nr. 138/2004, um breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, skal lesinn með hliðsjón af framangreindum breytingum.

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 23. júní 2006.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.